



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 571

Þorlákur Helgason

(1904-1982)

Verkfræðingur

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 571

Þorlákur Helgason

Formáli

Þorlákur Helgason var fæddur 17. desember 1904 á Ísafirði. Foreldrar hans voru þau Kristjana Jónsdóttir húsfreyja og Helgi Sveinsson bankaútibússtjóri. Þorlákur ólst upp í stórum og glaðværum systkinahópi, en systkini hans voru þau Sveinn, Guðný, Guðrún, Sólveig, Helga, Nanna og Margrét.

Fyrri kona Þorláks var Ingeborg Hancke Sörensen og dætur þeirra eru Þyri og Nanna. Þorlákur og Ingeborg slitu samvistum.

Seinni kona Þorláks, 29. desember 1941, var Elísabet Björgvinsdóttir fædd 5. júní 1908 á Efra- Stórólshvoli í Rangárvallasýslu, dáin 12. júlí 1995. Foreldrar hennar voru þau Ragnheiður Ingibjörg Einarsdóttir húsfreyja og Björgvin Vigfússon sýslumaður á Efra- Stórólshvoli.

Þorlákur og Elísabet eignuðust þrjú börn, Ragnheiði Helgu er lést í bernsku, Ragnheiði Kristjönu og Helga.

Þorlákur varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1923 og að loknu námi fór hann í byggingaverkfræði í Norges tekniske Højskole í Þrándheimi og lauk þaðan prófi 1934. Hann var formaður stúdentafélagsins í Þrándheimi frá 1925-1926 og ævifélagi þess. Stundaði einnig blaðamennsku og var fréttaritari við norsk blöð árin 1926-1930.

Eftir að námi lauk í Þrándheimi fór hann að vinna við verkfræðistörf hér heima og vann að langmestu leyti að hafnarmálum víðs vegar um landið. Hann réðst til Vita- og hafnamálastofnunar ríkisins og starfaði þar svo lengi er honum entist heilsa eða til ársins 1969.

Þorlákur Helgason andaðist 15. mars 1982.

(Heimild: *Morgunblaðið* 24. mars 1982, bls. 30-31 og *Morgunblaðið* 21. júlí 1995, bls. 28).

Afhending: Helgi Þorláksson afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur kortasafn Þorláks Helgasonar, 14. ágúst 2015.

Innihald: Uppdrættir af Reykjavík og dýptarkort af Sundunum við Reykjavík.

Tími: 1939-1942.

Skjalaskrá

Askja 1 / hólkur 1939-1942

Bandaríski herinn hafði, að sögn Þorláks Helgasonar, ætlað að gera höfn við Sundin. Þannig eru dýptarkortin til komin. Ekki varð af hafnargerðinni.

Uppdrættir af Reykjavík, 1:2000. Á þeim stendur: *Byggt á uppdraetti Ólafs Þorsteinssonar frá 1915-1918, heimildum bæjarskrifstofunnar og eigin mælingum. Reykjavík 1. janúar 1939, Þorlákur Helgason, 4 kort.*

Dýptarkort af Sundunum við Reykjavík:

Laugarnes. Soundings in metres at lowest low watersprings, 1:1000. Reykjavík í febrúar 1942, Þorlákur Helgason, 2 kort.

Geldinganes. Soundings in metres at lowest low watersprings, 1:2000. Reykjavík 28. janúar 1942, Þorlákur Helgason, 2 kort.

Viðey- Gufunes. Soundings in metres at lowest low watersprings, 1:2000. Reykjavík 31. janúar 1942, Þorlákur Helgason, 2 kort.

Askja 2 / hólkur án árs

Uppdrættir af Reykjavík, 1:200, 7 kort.

Skráð í september 2015
Gréta Björg Sörensdóttir